

Gjaldskrá

Fyrir móttöku úrgangs í Stekkjarvík í Blönduósbæ

1. gr.

Stjórn Norðurár bs., sem er byggðasamlag Akrahrepps, Blönduóbæjar, Húnavatnshrepps, Skagabyggðar Sveitarfélagsins Skagastrandar og Sveitarfélagsins Skagafjarðar, ákveður gjöld fyrir móttöku úrgangs í urðunarstaðnum Stekkjarvík í Blönduósbæ samkvæmt 10. gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

2. gr.

Heimild til gjaldtöku er m.a. byggð á reglugerð nr. 737/2003 og ákvæði 2.10 gr. í starfsleyfi urðunarstaðarins þar sem segir m.a.: „*Rekstraraðili urðunarstaðar skal innheimta gjald vegna urðunar úrgangs, sbr. 11. gr. laga nr. 55/2003. Gjaldið skal nægja fyrir öllum kostnaði við urðun úrgangsins, þar með talið uppsetningu og rekstri viðkomandi urðunarstaðar. Einnig skal gjaldið að svo miklu leyti sem hægt er standa undir kostnaði sem fylgir því að setja fjárhagslega tryggingu eða jafngildi hennar, sbr. 1. mgr. gr. 2.11 í starfsleyfi þessu, og áætluðum kostnaði við lokun staðarins og nauðsynlegt eftirlit í kjölfar lokunar í 30 ár.*“

3. gr.

Gjaldskrá vegna urðunar í Stekkjarvík:

Sorpflokkar	Skilgreining á úrgangi	kr./kg	Lágmarksgjald
02 01 99	Veiðarfæri	15,00	2.000 kr.
02 02 00	Úrgangur frá vinnslu kjöts og fisks	12,00	2.000 kr.
02 02 99	Skel og annar úrgangur frá rækjuvinnslu	10,00	2.000 kr.
03 01 03	Spænir, bútar, kurlað timbur	4,50	2.000 kr.
13 05 08	Blandaður úrgangur úr sandföngurum og olúskiljum	10,00	2.000 kr.
17 00 00	Úrgangur frá byggingu og niðurrifi mannvirkja	10,00	2.000 kr.
17 02 03	Plast	7,70	2.000 kr.
17 02 03 1	Grófur plastúrgangur - fiskikör o.þ.h.	10,00	2.000 kr.
17 06 01	Asbest, einangrunarefni sem inniheldur asbest	20,00	2.000 kr.
19 01 16	Ketilryk / kolasalli	15,00	2.000 kr.
20 01 02	Gler	7,70	2.000 kr.
20 01 99	Stór húsgögn, dýnur, grófur timburúrgangur	10,00	2.000 kr.
20 02 01	Úrgangur sem brotnar niður, lífrænn garðaúrgangur	7,70	2.000 kr.
20 03 01	Blandaður úrgangur frá sveitarfélögum	7,70	2.000 kr.
20 03 04	Eðja frá rotþróm, skólphreinsun	15,00	2.000 kr.
20 03 07	Blandaður úrgangur frá fyrirtækjum	7,70	2.000 kr.
02 01 02	Sláturúrgangur og dýrahæ	12,00	2.000 kr.
Annað	Aðstoð við að losa gáma vegna frosts	8.000 kr./skipti	8.000 kr.
		án vsk	án vsk



Komi til urðunarstaðarins úrgangur sem ekki er heimilt að urða er flutningsaðili ábyrgur fyrir þeim kostnaði sem af því hlýst.

4. gr.

Starfsmaður Norðurár bs. í Stekkjarvík ákveður, að fenginni lýsingu flutningsaðila og samkvæmt eigin mati, í hvaða flokk úrgangur fellur skv. gjaldskránni. Flutningsaðili á úrgangi til urðunarstaðar ábyrgist greiðslu gjalda skv. gjaldskrá.

Starfsmaður annast sömuleiðis vigtun úrgangs og skráir magn og hver er viðskiptamaður.

5. gr.

Verði vanskil á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari er hægt að innheimta gjöld með fjárnámi hjá úrgangshafa án undangengis dóm, sbr. lokamálslið 4. mgr. 11. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 með síðari breytingum, sbr. 1. gr. laga um aðför nr. 90/1989.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Norðurár bs. 29. nóvember 2012 og öðlast þegar gildi. Stjórn Norðurár bs. er heimilt að hækka gjaldskrána árlega í samræmi við breytingar á neysluvísitölu, eins og hún er 1. janúar 2013, án þess að sú breyting sé auglýst sérstaklega í B-deild stjórnartíðinda. Með gjaldskrá þessari fellur úr gildi fyrri gjaldskrá sem er nr. 52/2012

F.h. stjórnar Norðurár bs. 6. desember 2012.


Magnús B. Jónsson, formaður stjórnar